

## HEILBRIGÐISEFTIRLIT VESTFJARÐA

Aðalstræti 21-23, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, fax 456-7088

Byggingarfulltrúi Ísafjarðabærjar  
Ólöf Guðný Valdimarsdóttir  
Hafnarstræti 1  
400 Ísafjörður.




Bolungarvík 23.3 2015

### Umsögn um leyfi til leitar og borunar eftir vatni fremst í Botnsdal.

Í greinargerð Jóns Reynis Sigurvinssonar um áhrif grunnvatnstöku úr borholum í Botnsdal á Vatnsverndarsvæði Skutulsfjarðar kemur fram: "Staðsetning á væntanlegum borholum eru við jaðar vatnsverndarsvæðisins í rúmlega 300 m y.s og munu skera Botnshetiðar misgengið. Borholurnar munu liggja um þétt jarðlög og lekaleiðir þar nær eingöngu bundnar við misgengi, sprungur og bergganga. Ekki er ólíklegt að borhola á þessu svæði hitti lekaleið sem tengist Botnheiðarmisgenginu en afar ólíklegt er að bein tenging verði við vatnsæðina í Lindarfossinum. Vegna fjarlægðar borhola þá mun dæling úr borholum í Botnsdal ekki valda það miklu níðurdrætti á grunnvatnsborði að það hafi umtalsverð áhrif á rennslíð í Lindarfossinum." Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða gerir ekki athugasemd við umbeðna framkvæmd. Í ljósi þess að ólíklegt er vegna fjarlægðar að það hafi áhrif á vatnsból Ísfirðinga. Einnig hefur verið bent á að óljós mörk vatnsverndarsvæðis. Gera þarf kröfu um að verk takar fari eftir meðfylgjandi öryggisreglum fyrir verk taka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði Ísafjarðarbæjar, einnig er æskilegt að þau tæki sem notuð eru við framkvæmdina verði tekin út m.t.t. olíuleka áður en þau fara inn á framkvæmdasvæðið.

Með kveðju

  
Anton Helgason  
Framkvæmdarstjóri  
Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða

## Öryggisreglur fyrir verktaka og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæði Ísafjarðarbæjar

Tilgangur reglnanna er að fyrirbyggja óhöpp og/eða að draga úr óæskilegum áhrifum af völdum óhappa sem eiga sér stað á vatnsverndarsvæðum Ísafjarðarbæjar.

Reglur þessar eru settar af vatnsveitum Ísafjarðarbæjar í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit. Þær gilda um verktaka á vegum vatnsveitnanna sem sinna starfsemi innan vatnsverndarsvæðanna og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæðin með vélar og/eða farm sem getur spilt grunnvatni.

### *Tilkynningaskylda*

Áður en farið er um vatnsverndarsvæði Ísafjarðarbæjar ber að tilkynna um ferðirnar til hlutaðeigandi vatnsveitu sem mun tryggja viðkomandi fylgd um svæðið:

Umdæmi	Nafn	Vinnusími	Farsími	Heimasími	Bakvakt
Vatnsveita Ísafjarðarbæjar	Guðjón Jóhannes Jónsson	4508240	8921634		
Ísafjarðarbær	Ólöf Guðny Valdimarsdóttir	4508000			
Ísafjarðarbær	Ralf Trylla	4508000	8602883		

Óski viðkomandi vatnsveita þess ber verktaka að senda tæki og bíla sem leið eiga um vatnsverndarsvæðin í eftirlit skv. nánari fyrmælum. Sé þess óskað skal verktaki hafa meðferðis:

- a) lekabyttu/mottu
- b) ígleypiefni
- c) skóflu

í ökutæki/vél til að bregðast við óhöppum sem snúa að lekum og samsvarandi atvikum á vatnsverndarsvæðum. Verktaka ber að kynna sér notkunarreglur búnaðarins og skila honum að framkvæmdum loknum.

Verktaki skal hafa farsíma eða samsvarandi búnað sem gerir honum kleyft að tilkynna tafarlaust um öll óhöpp sem verða á vatnsverndarsvæðum.

Umferð með vatnsspillandi efni er óheimil inn á svæðið nema í undantekningartilvikum með samþykki viðkomandi vatnsveitu og í fylgd starfsmanna hennar. Í slíkum tilvikum skal velja stystu og öruggustu leiðina inn og út af svæðinu og einungis flytja það magn sem nauðsyn ber til.

Allir verktakar skulu hlíta þessum reglum. Ef verktaki hlítir þeim ekki verður leitað til annars aðila varðandi þjónustu.

Verktaki skal nota hrein tæki og í góðu ástandi. Hann og verkkaupi hafa eftirlit með að ekki stafi af þeim mengunarhætta, t.d. vegna leka á olíu eða öðrum efnum. Óheimilt er að framkvæma viðgerðir á tækjum á svæðinu, sem valdið geta mengun. Áfyllingu olíu og eldsneytis skal framkvæma utan verndarsvæða.

Að framkvæmdum loknum skal jarðrask lagfært. Notkun áburðar er óheimil.

Geymsla á olíu, bensíni eða varasönum efnum er óheimil nema á vegum vatnsveitna og er háð leyfi heilbrigðisnefndar. Flutningsaðili slíkra efna skal hafa fullnægjandi viðbragðsáætlun vegna óhappa og leyfi heilbrigðisnefndar til flutninganna.

### *Viðbrögð við óhappi á vatnsverndarsvæðum*

Ef óhapp á sér stað ber að grípa til eftirfarandi aðgerða:

1. Koma strax í veg fyrir frekari skaða með þeim búnaði sem er til staðar

- a) lekabytta/motta
- b) ígleypiefni
- c) skófla.

2. Koma ökutækinu/vinnuvélinni strax af svæðinu með aðstoð ef á þarf að halda.

3. Tilkynna óhappið strax til eftirfarandi aðila, eftir svæðum.

4. Hreinsa strax upp allt það efni sem komist hefur í snertingu við jarðveg.